

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 140/2616*  
*komudagur 23.5.2012*



Skrifstofa Alþingis  
Efnahags- og viðskiptanefnd  
150 Reykjavík

Reykjavík, 23. maí 2012

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um ökutækjatriyggingar, 733. mál.**

Samtök ferðaþjónustunnar hafa farið yfir ofangreint frumvarp og hafa eftirfarandi athugasemdir.

SAF fagna því að lög um ökutækjatriyggingar séu teknar út úr almennum umferðarlögum og sett í sérstök lög en samtímis er það miður að ekkert samráð hafi verið haft við samtökin í undirbúningsvinnu við gerð laganna.

SAF leggjast gegn hugmyndum frumvarpsins um að farþega- og ökumannstryggingin gildi aðeins í almennri umferð. Mikið af bílum og búnaði í ferðaþjónustu er nýttur til að ferðast utan almennrar umferðar og má þar nefna stóra jeppa „superjeeps“, snjósleða, fjór hjól o.fl. sem ferðast um á vegum, slóðum eða snævipaktri jörð. Einnig eru þess dæmi að íslensk fyrirtæki ferðist um á þar til gerðum bilaleigubílum utan almennrar umferðar vegna viðhalds á mannvirkjum og búnaði sem tilheyrir raflinum og fjarskipatakjum. SAF telja nauðsynlegt að slysatrygging ökumanns og eiganda gildi á öllum vegum og að skilgreina verði betur þau farartæki og svæði sem ekki falla undir trygginguna.

Einnig telja SAF að bótagreiðsla vegna tjóna sé of há hér á landi miðað við sambærilegar bótagreiðslur í öðrum löndum en dæmi eru um að erlendir tjónþolar hafi leitað hingað til lands frekar en í tryggingar í heimalandi sínu þar sem hæstu greiðslu er að fá hér.

Samtök ferðaþjónustunnar óska eftir því að fá að koma á fund nefndarinnar til að ræða ofangreind atriði nánar.

Virðingarfyllst

Samtök ferðaþjónustunnar  
Gunnar Valur Sveinsson